



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 2012
EBL/hó

Efni. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, á 140. löggjafarþingi, þskj. 712 - 466. mál Tilv. 2012030007

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands með tölvubréfi frá nefndasviði alþingis, dags. 7. mars 2012. Bændasamtökin leggjast gegn samþykkt þess.

Bændasamtökin eru mótfallin því að unnið sé að breytingum á ofangreindum lögum á fleiri en einum stað. Á sama tíma og þetta frumvarp er lagt fram fyrirhugar umhverfissráðherra að leggja fram frumvarp til breytinga á sömu lögum sem að óbreyttu munu hafa veruleg áhrif á hlunnindanýtingu bænda. Á sama tíma ríkir óvissa um hvenær svokölluð hvítbók um veiðilöggjöfina lítur dagsins ljós, og hvort höfundar hennar munu leggja til breytingar á lögnum. Þessi vinnubrögð stjórnvalda og fyrirvaralausar og handahófskenndar breytingar á löggjöfinni eru ekki til þess fallnar að skapa sátt. Það eru auðvitað mjög undarleg vinnubrögð að frumvarp af þessu tagi skuli lagt fram á meðan hin svokallaða hvítbók er ekki tilbúin. Bændasamtök Íslands hvetja til þess að frekari breytingar á veiðilöggjöfinni verði ekki gerðar nema að vel yfirlögðu ráði.


Málefni selveiða falla nú undir verk svið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Verði þetta frumvarp að lögum mun málaflokkurinn færast til umhverfissráðuneytisins og þannig leitast enn frekar við að stækka það ráðuneyti. Selir eru sjávarspendýr en ekki landdýr eins og lög nr. 64/1994 fjalla fyrst og fremst um. Selir eiga ekkert skylt við refi, minka, hreindýr, mýs, rottur, hvítabirni eða fugla.

Vel má vera að tímabært sé nú að lögfesta ákvæði um selveiðar en sú nálgun sem hér er á ferðinni er ekki rétt, að mati Bændasamtakanna. Bændasamtökin hvetja til þess að haft verði í huga að verði frumvarpið að lögum munu selveiðar falla undir sömu reglur og nú gilda um veiðar á landdýrum. Stíga verður varlega til jarðar í þessum efnunum. Þá hvetja Bændasamtökin til þess að veiðilöggjöfin verði skoðuð heildstætt og í samráði við hagsmunaðila.

Bændasamtökin hafa áður lýst því yfir að þau eru reiðubúin til þess að koma að slíkri vinnu. Bændasamtökin vilja að endingu benda á að bændur eru vörslumenn landsins og hafa óhjákvæmilega hagsmuni af því að veiðar verði sjálfbærar.

Bændasamtök Íslands gera ráð fyrir að óskað verði eftir því að þau sendi fulltrúa sinn á fund umhverfis- og samgöngunefndar.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.